



SÁLFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla stjórnar Sálfræðingafélags Íslands starfsárið 2022

Starfsemi félagsins árið 2022

Á árinu 2022 færðist starfsemi félagsins hratt og örugglega yfir í eðlilega starfsemi. Fyrstu mánuði ársins voru samgöngutakmarkanir vegna Covid-19 en snemma ársins voru samgönguhömlum alfarið létt. Aðalfundur, fræðslufundur, stjórnarfundir og aðrir fundir fóru fram á staðnum ásamt því að bjóða upp á þessa viðburði á netinu. Sálfræðingur var haldið í fyrsta skipti frá árinu 2019 og Haustfundur var haldinn í HR. Mæting var framfar vonum og ljóst er að sálfræðingar höfðu saknað samverunnar.

Félagsmenn:

Félagsmenn um síðustu áramót voru alls 777. 582 eru með stéttarfélags- og fagaðild, 38 eru með fagaðild, 112 eru með aukaaðild (nemar og sálfræðingar starfandi erlendis), 45 eru með heiðurs- og lífeyrisaðild og fræðaaðild 1.

Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis voru gefin út 50 starfsleyfi árið 2022. Til samanburðar voru 43 leyfi gefin út árið 2021, 47 leyfi gefin út 2020 og 46 leyfi gefin út árið 2019.

Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis hafa 150 sérfræðileyfi verið gefin út frá upphafi en þeir sem hafa hlotið sérfræðileyfi eru færri þar sem sumir sálfræðingar hafa fleiri en eitt sérfræðileyfi. Á síðasta ári voru gefin út 12 ný sérfræðileyfi. Til samanburðar voru gefin út 4 sérfræðileyfi árið 2021. Fjögur sérfræðileyfi voru gefin út 2020, þrjú sérfræðileyfi voru gefin út árið 2019 og 24 sérfræðileyfi árið 2018.

Stjórn:

Í stjórn félagsins á starfsárinu voru:

Tryggvi Guðjón Ingason, formaður
Helgi Héðinsson, varaformaður
Álfheiður Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Hugrún Vignisdóttir, ritari
Agnes Björg Tryggvadóttir, meðstjórnandi
Gyða Dögg Einarsdóttir, meðstjórnandi
Lilja Magnúsdóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Anna María Frímansdóttir

Kjörtímabilum Tryggva og Agnesar Bjargar lýkur á aðalfundi 2023. Hvorki Tryggvi né Agnes Björg bjóða sig fram til endurkjörs. Pétur Maack Þorsteinsson býður sig fram til formanns og Kristbjörg Þórisdóttir býður sig fram til meðstjórnanda. Ekki bárust önnur framboð og eru þau því bæði sjálfkjörin. Tryggva Guðjóni og Agnesi Björgu eru þökkud góð störf í þágu félagsins en bæði hafa verið í stjórn frá árinu 2019.

Stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði, tvo tíma í senn að júlímánuði undanskildum. Á vormánuðum voru haldnir tveir aukastjórnarfundir. Fundir stjórnar voru því alls 13 á tímabilinu. Auk þess var haldinn einn starfsdagur stjórnar.

Nefndir, undirfélög og fagdeildir, samstarf innan félags:

Í nefndum félagsins á starfsárinu voru:

Siðanefnd

Ingibjörg Markúsdóttir, formaður
Guðrún Oddsdóttir
María K. Jónsdóttir
Matthías Matthíasson
Hörður Þorgilsson

Prófanefnd

Auðun Valborgarson, formaður
Katrín Einarsdóttir
Örnólfur Thorlacius
Guðrún Rakef Eiríksdóttir

Fagráð

Gyða S. Haraldsdóttir, formaður
Hulda Sólrún Guðmundsdóttir
Guðrún Ágústa Eyjólfsdóttir
Sólveig Erna Jónsdóttir
Erla Björg Birgisdóttir

Fræðslunefnd

Starfaði ekki á starfsárinu

Ritstjórn Sálfræðiritsins

Guðmundur Skarphéðinsson
Sigurður Viðar
Brynjar Halldórsson

Undirfélög:

Félag sálfræðinga á Norður- og Austurlandi

Starfaði ekki á starfsárinu

Félag framhaldsnema við sálfræði

Hans Hektor Hannesson (HÍ), formaður
Eydís Lilja Eysteinsdóttir (HR), varaformaður

Tvær fagdeildir voru starfandi á starfsárinu:

Fagdeild sálfræðinga við skóla

Álfheiður Guðmundsdóttir, formaður
Ingibjörg Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi
Karitas Ósk Björgvinsdóttir, gjaldkeri
Silja Rut Jónsdóttir, meðstjórnandi
Sólveig Rósa Davíðsdóttir, ritari

Fagfélag sálfræðinga við heilsugæslu

Gyða Dögg Einarsdóttir, formaður
Logi Úlfarsson, gjaldkeri
Ásta Sigrún Gunnarsdóttir, ritari
Kolbjörg Lilja Benediktsdóttir, meðstjórnandi
Hrafnhildur Lilja Harðardóttir, meðstjórnandi
Guðrún Carstensdóttir, meðstjórnandi

Trúnaðarmenn Sí á árinu 2022 voru:

Valgerður Ólafsdóttir, Reykjavíkurborg
Kristjana Magnúsdóttir, Reykjavíkurborg
Bergný Ármannsdóttir, Landspítala
Gyða Dröfn Hjaltadóttir, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
Hanna María Guðbjartsdóttir, Landspítala
Jórunn Edda Óskarsdóttir, Reykjalundi
Katrín B. Bjarnadóttir, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins
Logi Úlfarsson, Heilbrigðisstofnun Norðurlands
Póra Kristín Flygenring, Hafnarfjörður
Viktor Díar Jónsson, Hafnarfjörður

Samninga- og samstarfsnefndir og trúnaðarmannaráð funda eftir þörfum með framkvæmdastjóra og formanni. Ársskýrslur berast frá nefndum, undirfélögum og fagdeildum fyrir aðalfund.

Hefð hefur verið fyrir því að halda vinnugleði með stjórn, nefndum og trúnaðarmönnum félagsins en vegna Covid-19 hefur það ekki verið hægt undanfarin ár. Á haustmánuðum ársins 2022 var hægt að endurvekja vinnugleðina sem gekk vel. Einnig voru haldnir fundir með formönnum allra starfandi nefnda á árinu. Þess utan hafa verið haldnir fundir með einstaka nefndum og undirfélögum eftir þörfum.

Er það von stjórnar að störf nefnda, trúnaðarmannaráðs, fagdeilda og undirfélaga auki samstarf og virkni innan félagsins, styðji við faglega þróun og gefi almennt góða sýn á mannauðinn innan félagsins. Þakkar stjórn Sí þessum aðilum mikilvægt og óeigingjarnt starf á árinu.

Kjaramál:

Kjaramál er viðfangsefni sem sífellt þarf að vinna að hjá Sálfræðingafélagi Íslands og var starfsárið engin undantekning þar á. Innan BHM fór árið 2022 í undirbúning fyrir næstu kjarasamningslotu en kjarasamningur losnuðu 30. mars 2023.

Vinna við endurnýjum stofnanasamninga hélt áfram árið 2022. Stofnanasamningar hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Kvennaskólans í Reykjavík og Reykjalundi voru gerðir, uppfærðir eða endurnýjaðir á árinu.

Fundir með trúnaðarmannaráði hafa verið að jafnaði einu sinni í mánuði á árinu en trúnaðarmannaráðið gegnir mikilvægu hlutverki varðandi kjaramálin. Stjórn þakkar trúnaðarmönnum, félögum í samstarfsnefndum og samninganefndum fyrir mikilvægt framlag á árinu.

Ný ríkisstjórn tók við í lok árs 2021 og lá þá fyrir boð á fund nýs heilbrigðisráðherra til að ræða samninga við Sjúkratryggingar Íslands. Sálfræðingar frá fagfélögum sálfræðinga fóru á fund með ráðherra snemma árs 2022 og lögðu fram hugmyndir að stofnun vinnuhóps til að gera drög að

samningi um niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu af hendi Sjúkratrygginga Íslands. Mikil vinna fór fram og gert var minnisblað sem sent var til ráðherra. Viðbrögð bárust ekki frá ráðherra en á haustmánuðum kom tilkynning frá Sjúkratryggingum Íslands um uppfærslu og útvíkkun á samningi Sjúkratrygginga Íslands sem hafði verið gerður vegna barna og unglinga sem sækja 3ja stigs geðheilbrigðisþjónustu. Nýr samningur var útvíkkaður til fullorðinna og barna með vægari vanda tengt kvíða og depurð. Má segja að hér sé um tímamót að ræða en því miður hefur samningurinn ekki skilað tilætluðum árangri þar sem fáir vilja fara á samninginn sökum þess hve lágt er greitt fyrir þjónustuna. Óskað hefur verið eftir fundi með ráðherra til að ræða betur þennan samning og var fundur haldinn með honum í janúar 2023. Þar fóru fram uppbyggjandi umræður og voru skilaboðin af fundinum þau að taka ætti samtalið upp aftur.

Félagsstarf, fastir liðir:

Siðareglunámskeið var haldið á árinu, auk þess sem félagið og fræðslunefnd héldu kynningar fyrir félagsmenn. Fræðslunefnd stóð að kynningu um EMDR meðferð og um geðheilsuteymi taugabroskaraskana hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Á haustmánuðum stóð SÍ að kynningum á nýjum lögum um farsæld í þágu barna, nýjum bókum til að kenna börnum aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar og núvitundar sem og um bókhald og skattaskil verktaka.

Tólfta Sálfræðiþingið var haldið á árinu, dagana 16. til 18. Mars 2022, eftir að hafa verið aflýst tvö síðustu ár vegna Covid-19. Þemað á þinginu þetta árið var jákvæð sálfræði sem hófst með fræðslu fyrir almenning og var þetta í fimmta sinn sem boðið er upp á ókeypis fræðslu fyrir almenning. Fræðslan bar yfirskriftina „Jákvæði Sálfræði – Vísindaleg nálgun til að takast á við lífið á uppbyggilegan hátt“. Dr. Dóra Guðrún Guðmundsdóttir sálfræðingur og sviðsstjóri Lýðheilsusviðs hjá Embætti landlæknis hélt fyrirlesturinn og svaraði spurningum sem eingöngu var sendur út í streymi að þessu sinni. Mikill áhugi var á fræðslunni og voru tæplega 300 áhorfendur á streyminu. Að venju var haldin vinnustofa með gestafyrirlesurum þingsins, Lisa Vivoll Straume og Dóru Guðrúnu Guðmundsdóttur, en fullt var á málstofuna. Einnig bauð Krabbameinsfélag Íslands sálfræðingum í heimsókn og kynnti starfsemi sína. Gríðarlega góð þátttaka var á ráðstefnudegnum sjálfum en um 300 sálfræðingar mættu. Framsógu átti Lisa Vivoll Straume og Dóra Guðrún Guðmundsdóttir. Viðurkenning fyrir framúrskarandi lokaverkefni nema í starfsréttindanámi í sálfræði var veitt í fjórða sinn og féll hún í skaut nema úr Háskóla Íslands, Alexíu Margréti Jakobsdóttur. Heiðursverðlaun SÍ voru veitt í sjötta sinn og hlaut Dr. Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur, verðlaunin.

Árlegur haustfundur var haldinn 4. nóvember. Fundurinn var bæði haldinn sem staðfundur og í streymi. Umræðuefni haustfundar var „áskoranir fagfólks í vinnu með kynsegin og trans fólki“. Erindi komu frá Aldísi Þorbjörgu Ólafsdóttur, sálfræðingi sem var með almenna fræðslu um málefnið. Elsa Bára Traustadóttir, sálfræðingur kynnti starfsemi transteymis fullorðinna á LSH. Rósa Björg Ómarsdóttir, teymisstjóri og Unnsteinn Jóhannsson, verkefnastjóri kynntu starfsemi transteymis á BUGL. Sigríður Birna Valdsóttir, fjölskyldu- og leiklistameðferðarfræðingur kynnti starfsemi og hlutverk samtakanna '78. Svo bættust við foreldrar transbarna og Hugrún Vignisdóttir, sálfræðingur í panelumræður að erindum loknum. Helgi Héðinsson, varaformaður Sálfræðingafélagsins, var fundarstjóri. Góð þátttaka var á haustfundi og voru um 100 þátttakendur í sal og þó nokkur fjöldi tók þátt í fundinum í gegnum streymi. Eftir fundinn hittust félagsmenn yfir léttum veitingum og spjölluðu saman.

Haldinn var kynningarfundur fyrir nýja sálfræðinga.

Fésbókarsíða félagsins er vel nýtt til að benda á það sem sálfræðingar eru að gera og til ýmissa auglýsinga og skilaboða frá félaginu og BHM. Mikið hefur verið um að sálfræðingar komi fram í fjölmiðlum til að ræða fagleg málefni.

Samstarf innan BHM:

Sálfræðingafélagið er virkur þátttakandi í starfi BHM og á fulltrúa í eftirfarandi nefndum:

- Anna María Frímansdóttir er meðstjórnandi kjara- og réttindanefndar.
- Tryggvi Guðjón Ingason er formaður í stjórn sjúkrasjóðs.

Formannaráðsfundir eru haldnir reglulega þar sem farið er yfir mál aðildarféлага og bandalagsins og sækir formaður þá fundi. Framkvæmdastjóri situr einnig reglulega fundi innanhúss sem utan í samstarfi við BHM.

Erlent samstarf:

Mikilvægt er að sinna erlendu samstarfi að því marki sem hægt er.

SAK: Fundir norrænu sálfræðingafélaganna (SAK) voru tveir á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í maí hér á Íslandi og venju samkvæmt voru fundirnir þrír, um fagmál, nemafundur og fundur formanna og framkvæmdastjóra. Í október var seinni fundurinn haldinn í Stokkhólmi um kjaramál, nemafundur og fundur formanna og framkvæmdastjóra.

EFPA: Sí er aðili að Samtökum Sálfræðingafélaga í Evrópu (EFPA) og tekur Ísland þátt í sameiginlegum verkefnum EFPA. Aðalfundur EFPA er haldinn annað hvert ár og verður næst haldinn sumarið 2023. Umsókn um EuroPsy var ekki unnin frekar á árinu og er frestun á gildistöku starfsþjálfunarárs helsta ástæða þess. Sé starfsþjálfunarár fest í sessi verður hægt að óska eftir EuroPsy vottun strax við löggildingu.

Formanni er reglulega boðið á aðalfundi og ráðstefnur erlendra sálfræðingafélaga en hingað til hafa slík boð ekki verið þegin vegna forgangsröðunar á tíma og fjármagni.

Aðrar áherslur í starfi stjórnar á starfsárinu:

Aukið aðgengi almennings að sálfræðiþjónustu

Ýmis tækifæri hafa verið nýtt til að þrýsta á stjórnvöld til að auka aðgengi almennings að sálfræðiþjónustu. Formaður og framkvæmdastjóri hafa tekið þátt í ráðstefnum og þingum um geðheilbrigðismál. Skrifaðar hafa verið umsagnir um lög á Alþingi þar sem lögð er áhersla á mikilvægi starfa sálfræðinga í geðheilbrigðismálum. Vakin er athygli á geðheilsumálum sem og vinnu sálfræðinga s.s. viðtölum sem eru birt á fésbókar síðu félagsins.

Formaður og framkvæmdastjóri Sálfræðingafélags Íslands fóru á fund hjá nýjum heilbrigðisráðherra, Willum Þór, í janúar til að kynna málefni og helstu áherslumál félagsins. Þar var sérstök áhersla lögð á aukið aðgengi að sálfræðiþjónustu, að sálfræðingar fái aðkomu að þróun og stefnumótun í allri geðheilbrigðisþjónustu og mikilvægi þess að kandiðatsár sálfræðinga verði innleitt. Við sama tilefni fundaði formaður Sí ásamt öðrum sálfræðingum um innleiðingu á niðurgreiddri sálfræðiþjónustu af hendi Sjúkratrygginga Íslands.

Sérfræðileyfi

Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis fengu 12 sálfræðingar sérfræðileyfi árið 2022 sem er nokkur fjölgun frá árunum á undan en aðeins 11 sálfræðingar fengu sérfræðileyfi á árunum 2019, 2020 og 2021. Á starfsárinu 2022 hefur verið stutt við félagsmenn sem hafa lent í erfiðleikum vegna umsókna um sérfræðileyfi. Einnig hefur verið samtal meðal fagfélaga sálfræðinga um frekari vinnu vegna sérfræðileyfis sálfræðinga.

Starfsþjálfunarár

Árið 2021 fékk „Landsráð um mönnun og menntun heilbrigðisstarfsfólks“ það verkefni að kortleggja og kostnaðarmeta starfsþjálfunarár sálfræðinga og bar að skila tillögum til heilbrigðisráðherra fyrir sumarið 2022. Á vormánuðum var stofnaður vinnuhópur af hendi heilbrigðisráðherra til að útfæra faglega hlið starfsþjálfunar. Að þessari vinnu komu sálfræðingar frá Sálfræðingafélaginu, HÍ, HR, LSH, Heilsugæslunni og frá heilbrigðisstofnun annarri en LSH, auk þess sem meistaranemi í sálfræði var áheyrnafulltrúi. Skilaði hópurinn af sér metnaðarfullum tillögum í júní 2022. Í desember komu til umsagnar drög að reglugerð um verklega þjálfun sálfræðikandídata. Ferlinu er enn ekki lokið en tillögur ættu að liggja fyrir á næstu vikum.

Önnur mál


Stöðlun og staðfæring vitsmunapróskaprófa

Í lok árs 2021 var tryggt fjármagn fyrir fyrstu skref að stöðlun og staðfæringu vitsmunapróskaprófa fyrir leik- og grunnskólabörn. Á árinu 2022 voru tekin jákvæð skref í rétta átt og verður áhugavert að fylgjast áfram með þeirri vinnu sem hafin er árið 2023.

Rafrænt sálfræðirit

Árið 2021 kom sálfræðiritið í fyrsta skipti út með rafrænum hætti og kom þá einnig út í prentaðri útgáfu. Ritið kom út með sama hætti árið 2022 og unnið verður áfram að uppfærslu heimasíðu ritsins. Einnig er stefnt að því að setja eldri ritin í rafrænt form.

Fyrir hönd stjórnar SÍ,



Tryggvi Guðjón Ingason, formaður

Stjórn og starfsfólk Sálfræðingafélags Íslands 2022-2023



Efri röð frá vinstri: Agnes Björg Tryggvadóttir meðstjórnandi, Lilja Magnúsdóttir meðstjórnandi, Tryggvi Guðjón Ingason formaður, Gyða Dögg Einarsdóttir meðstjórnandi og Helgi Héðinsson varaformaður. Fremri röð frá vinstri: Hugrún Vignisdóttir ritari, Anna María Frímannsdóttir framkvæmdastjóri og Álfheiður Guðmundsdóttir gjaldkeri.